

Neyðarstjórnir

sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu

Viðbragðsáætlun – drög 5

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

DRÖG 5, dags. 16.11.18



1. INNGANGUR	3
2. STAÐHÆTTIR OG HÆTTUMAT	4
SVEITARFÉLÖGIN	4
HÆTTUMAT 2014	5
3. SKILGREININGAR	6
GRUNDVALLARREGLUR ALMANNAVARNA	6
HÁSKASTIG OG UMFANG AÐGERÐA	6
SKAMMSTAFANIR OG ORÐSKÝRINGAR	7
4. VIRKJUN, BOÐUN OG AFBÖÐUN	8
VIRKJUN	8
BOÐUN OG BOÐUNARLISTAR	8
UPPLÝSINGAFLÆÐI.....	8
AFBÖÐUN.....	9
5. STJÓRNKERFI	9
DAGLEGT ÁSTAND, DAGLEG VERKEFNI – GRÆNT ÁSTAND	10
FLÓKNARA ÁSTAND, FLÓKNARI VERKEFNI – GULT ÁSTAND	10
ALMANNAVARNAÁSTAND, STÓRSLYS OG HAMFARIR – RAUTT ÁSTAND	11
VERKSVIÐ OG ÁBYRGÐ NEYÐARSTJÓRNA.....	12
STJÓRNKERFI HAFNARFJARÐARBÆJAR.....	13
6. STARFSSVÆÐI INNAN SVEITARFÉLAGSINS	14
7. STARFSEMI SVEITARFÉLAGANNA, SAMFÉLAGLEGA MIKILVÆG STARFSSEMI	27
8. VIÐBRAGÐSÁÆTLUN OG VERKEFNI	27
9. SAMSKIPTALEIÐIR, FJARSKIPTI	38

1. Inngangur

Viðbragðsáætlun þessi fjallar um neyðarstjórnir sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, en þau eru Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes og Mosfellsbær. Öll sveitarfélögin skipa í neyðarstjórn með erindisbréfi og liggur sú skipan til grundvallar mönnun neyðarstjórnanna. Áætlunin er unnin af fulltrúum allra sveitarfélaganna en ritstjórn hennar var í höndum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Tæknilegra, hraðara og viðkvæmara samfélag, auknar kröfur um tryggt og öruggt samfélag, aukið og samhæft upplýsingaflæði og skjót og örugg viðbrögð við ýmiskonar áföllum og neyðarástandi snúa að ýmsum stoðum samfélagsins. Reynslan sýnir að sveitarfélög gegna þar mikilvægu hlutverki, stofnanir og þjónustuaðilar á þeirra vegum, enda oft um samfélagslega mikilvæga þjónustu að ræða. Til að undirbúa sveitarstjórnir sem best fyrir þetta hlutverk hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu skipað neyðarstjórn í hverju sveitarfélagi til að tryggja að ákvörðunarvald og stjórnun liggja áfram hjá sveitarfélaginu og til að tryggja forgangsröðun, styrkja tengsl á milli ólíkra verkþátta og tengja og samræma starf sveitarfélaganna með hagsmuni íbúanna allra að leiðarljósi.

Áætlunin byggir á fyrri viðbragðsáætlunum, s.s. varðandi heimsfaraldur inflúensu. Þessi áætlun tekur hinsvegar ekki á sérstökum atburði, heldur fjallar almennt um skipulag, virkjun, samhæfingu og stjórn aðgerða hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu við hvaða áfall, hættu- og neyðarástand sem upp getur komið, hvort sem það er skilgreint sem formlegt almannavarnaástand eða ekki.

Sveitarfélögin þurfa á hverjum tíma að hafa skilgreint hvað er samfélagslega mikilvæg þjónusta og hvernig þau ætla að tryggja sem best samfelldan rekstur hennar (órofna starfssemi). Þannig þurfa svið sveitarfélaganna og hver starfseining þeirra að gera eigin áætlanir þar sem skipulagðar eru ráðstafanir og viðbrögð vegna áfalla og neyðarástands. Þar þarf að forgangsráða með tilliti til samfélagslega mikilvægrar þjónustu (sjá nánar leiðbeiningar um samfélagslega mikilvæga þjónustu). Áætlunin er unnin í samræmi við stigskiptingu og tilmæli almannavarna. Við gerð áætlunarinnar er m.a. stuðst við sveitarstjórnarlög, lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997. Kafaskipting og almenn uppbygging áætlunarinnar byggir á áætlunum almannavarna.

Ábyrgð á áætlun þessari er í höndum framkvæmdastjóra sveitarfélaganna, borgarstjóra og bæjarstjóra, eftir að hún hefur verið staðfest í almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins, ásamt borgar- og bæjarráðum sveitarfélaganna. Ekki er um endanleg fyrirmæli að ræða og getur framkvæmdastjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til aðstæðna hverju sinni.

Áætlunin skal endurskoðuð a.m.k. á fimm ára fresti, en yfirfarin árlega, t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði innan sveitarfélaganna.

Áætlunin skal kynnt fyrir starfsmönnum sveitarfélaganna og vera aðgengileg þeim á innri síðum sveitarfélaganna.


2. Staðhættir og hættumat

Sveitarfélögin

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru sex talsins, Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes og Mosfellsbær. Þau standa að sameiginlegu slökkviliði og sameiginlegri almannavarnanefnd. Áætlun þessi byggir á þeirri samvinnu og er gerð á grundvelli samþykpta almannavarnanefndarinnar.

Tafla 1, sveitarfélögin, stærð og íbúafjöldi í árslok 2014:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Ferkílómetrar
Reykjavík	121.780	273 km ²
Kópavogur	33.190	113 km ²
Hafnarfjörður	27.870	2,9 km ²
Garðabær	14.460	45 km ²
Seltjarnarnes	4.410	2,9 km ² (á stórstraumsfjöru)
Mosfellsbær	9.300	197 km ²



Kort af höfuðborgarsvæðinu.

Hættumat 2014



Sveitarfélögin hafa unnið hættumat (áður áhættumat) á vettvangi almannavarnarnefndar höfuðborgarsvæðisins. Við gerð þessarar viðbragðsáætlunar er litið til hættumats 2014, en áður hafði verið unnið áhættumat fyrir hvert sveitarfélag 2011. Þar er hættu skipt upp í þrjá flokka, náttúruvá, umhverfi og heilsu og tæknivá og innviði samfélagsins. Hver þeirra skiptist í nokkra undirflokka, sjá töflu 2.

Áætlun þessi tekur ekki á sérstakri hættu, heldur fjallar hún almennt um skipulag neyðarstjórna sveitarfélaganna, en það skipulag er eins í öllum tilfellum.

Náttúruvá	Eldgos
	Gróðureldar
	Jarðskjálftar
	Ofanflóð
	Óveður
	Sjávarflóð og flóðbylgjur
Umhverfi og heilsa	Dýrasjúkdómar
	Eldsvoðar
	Hættuleg efni
	Smitsjúkdómar og faraldrar
Tæknivá og innviðir samfélagsins	Fjarskipti
	Órofin starfsemi sveitarfélaganna
	Samgöngur
	Veitur
	Viðburðir og fjöldasamkomur

3. Skilgreiningar

Í þessum kafla er farið yfir reglur sem lagðar eru til grundvallar almannavarnaskipulaginu og almannavarnastig. Lögð er áhersla á að almannavarnaástandi þarf ekki að hafa verið formlega lýst yfir til að áætlun þessi sé virkjuð. Í lok kaflans eru almennar skilgreiningar og skammstafanir.

Grundvallarreglur almannavarna

Í greinargerð með frumvarpi með almannavarnalögum var lögð áhersla á að við útfærslu á almannavarnaskipulagsins verði eftirfarandi reglur lagðar til grundvallar.


Sviðsábyrgðarreglan	Sá aðili sem fer venjulega með stjórn tiltekins sviðs samfélagsins eða tiltekins svæðis eða umdæmis skal skipuleggja viðbrögð og koma að stjórn aðgerða þegar hættu ber að garði.
Grenndarreglan	Staðbundin stjórnvöld undirbúa fyrirbyggjandi ráðstafanir og viðbragðsáætlanir.
Samkvæmnisreglan	Yfirvald eða stofnun sér á hættustundu um björgunarstörf á verksviði sínu.
Samræmingarreglan	Allir viðbragðsaðilar samhæfa störf sín við undirbúning aðgerða vegna hættuástands þannig að búnaður og mannaflí sé nýttur á skilvirkan hátt.

Þessar grundvallarreglur eru reglur sem sveitarfélögin ætla einnig að leggja til grundvallar við sitt stjórnskipulag við áföll og neyðarástand.

Háskastig og umfang aðgerða

Viðbragðsaðilar hafa komið sér saman um þrjú háskastig og fjóra liti sem tákna umfang allra neyðaraðgerða. Háskastigin og umfangið koma fram í reglugerð um flokkun almannavarnastiga nr. 650/2009.

Háskastigin skilgreina alvarleika og umfang þeirrar hættu sem steðjar að. Þau eru þrjú, óvissustig, hættustig og neyðarstig. Umfang viðbragða, þ.e. fjöldi þeirra eininga sem virkjaðar eru í þágu í hvert sinn, þörf fyrir víðtæka samhæfingu og fjölda stjórnstiga, er svo skilgreint nánar á hverju almannavarnastigi með fjórum litum, grænum, gulum, rauðum og svörtum, sjá mynd 1.



Mynd 1 Umfang aðgerða, þörf á samstarfi og samhæfingu

Eins fram kemur þá er gert ráð fyrir að háskastigin séu einnig notuð þó formlegu almannavarna-ástandi hafi ekki verið lýst yfir, enda kemur fram að grænn litur tákni að daglegar bjargir í umdæminu sinni atvikinu án aukins viðbúnaðar, og guli liturinn, flóknari aðgerðir, að einhver aðstoð sé veitt utan umdæmis.

Skammstafanir og orðskýringar

Hér að neðan eru helstu skammstafanir sem notaðar eru í almannavarnaáætlunum.

AST	Aðgerðastjórn
AVD	Almannavarnadeild
AHS	Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins
LL	Landlæknisembættið
RLS	Ríkislögreglustjórnin
RÚV	Ríkisútvarpið
SÁBF	Stjórnun-Áætlun-Bjargir-Framkvæmd, meginverkpættir verkþáttaskipurits viðbragðsaðila
SST	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð
VST	Vettvangsstjórn
AST	Aðgerðastjórn
NST	Neyðarstjórn

4. Virkjun, boðun og afboðun

Virkjun

Áætlun þessi byggir á því að neyðarstjórn sveitarfélagsins sé kölluð saman við yfirvofandi vá, slys eða annan atburð sem hefur þannig áhrif á sveitarfélagið, stofnanir og þjónustu þess, og/eða íbúana. Þeir sem hafa heimild til að virkja neyðarstjórnir sveitarfélagsins eru:

- Framkvæmdarstjóri viðkomandi sveitarfélags (borgarstjóri/bæjarstjóri) eða staðgengill.
- Starfsmaður neyðarstjórnar viðkomandi sveitarfélags.
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, slökkviliðsstjóri og staðgenglar hans.
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjóri og staðgenglar hans.
- Aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins, aðgerðastjóri.

Borgar- og bæjarstjórar (í forföllum staðgenglar þeirra) bera ábyrgð á að boða og/eða upplýsa sveitarstjórn og/eða aðra stjórnendur sveitarfélagsins sem þeir telja að þurfi að koma að eða vera upplýstir um virkjun neyðarstjórnarinnar, stöðu mála og helstu verkefni. Neyðarstjórn kallar til sín þá sem hún telur að þurfi að koma að aðgerðum.

Boðun og boðunarlistar

Boðun neyðarstjórna sveitarfélaganna fer fram í gegnum boðunarkerfi Neyðarlínunnar, Bjargir, 112. Vakthafandi stoðdeildarmaður SHS getur haft milligöngu um boðunina, en hann skal ávallt vera upplýstur um hana og ber ábyrgð á því að upplýsa bakvaktarmann SHS hverju sinni.

Ósk um virkjun verður að berast til Neyðarlínu, 112. Komi hún ekki frá stoðdeildarmanni SHS skal NL staðfesta virkjun neyðarstjórna við hann. Hægt er að boða eina eða fleiri neyðarstjórnir eftir því hvert tilfellið er.

SHS heldur utan um skrár neyðarstjórnanna í Björgum. Hvert sveitarfélag ber ábyrgð á því að tilkynna til SHS um breytingar sem hafa áhrif á boðun neyðarstjórnar sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að starfsmaður neyðarstjórnarinnar hafi það hlutverk og sé tengiliður við SHS vegna þessa.

Upplýsingaflæði

Neyðarstjórn upplýsir um virkjun sína, stöðuna og aðgerðir, innan síns sveitarfélags. Bæði getur verið um fulltrúa úr sveitarstjórn að ræða og helstu stjórnendur sviða og stofnana. Neyðarstjórn tryggir áframhaldandi upplýsingaflæði til þeirra, m.a. ef breytingar verða á stöðunni og/eða aðgerðum.

Stjórnendur sviða og stofnana upplýsa stjórnendur undirstofnana og starfsmenn þeirra, ásamt þeim er málið varðar, eftir ákvörðun neyðarstjórnar. Stjórnendur og millistjórnendur sveitarfélagsins starfa samkvæmt sínum starfslýsingum nema viðbragðsáætlun þeirra og/eða fyrirmæli frá neyðarstjórn kveði á um annað.

Upplýsingar um að neyðarstjórn sé orðin starfshæf skal tilkynna til aðgerðastjórnar í gegnum SHS sem upplýsir þá viðbragðsaðila sem koma að málinu, s.s. lögreglu.


Afboðun

Um leið og ljóst er að ekki þarf allar þær þjargar sem virkjaðar eru samkvæmt áætluninni skal stjórnendum tilkynnt það með formlegum hætti og þeir tilkynna sínu starfsfólki. Sé neyðarstjórn afboðuð eða ákveðið að hætta störfum verður hún að tilkynna það til aðgerðastjórnar í gegnum SHS, ásamt því að tilkynna það til þeirra stjórnenda og starfseininga sveitarfélagsins sem hafa verið virkjaðar og/eða upplýstar.

5. Stjórnkerfi

Sveitarfélög byggja daglegt starf sitt á ákveðnu stjórnskipulagi og ætti að leitast við að það stjórnkerfi haldi sér eins og hægt er við áföll og/eða neyðarástand. Það er í samræmi við grunnreglurnar fjórar, sviðsábyrgðar-, grenndar-, samkvæmnis- og samræmingarreglurnar sem farið er yfir í kafla 3.

Við áföll og neyðarástand getur bæði innra og ytra umhverfi sveitarfélaganna breyst. Með innra umhverfi er átt við að sveitarfélagið gæti þurft leggja áherslu á þjónustu sem snýr að öryggi og heilbrigði íbúanna. Þannig gæti þurft að forgangsraða verkefnum til að verja grunnstoðir í þjónustu sveitarfélagsins til að viðhalda og tryggja samfélagslega mikilvæga þjónustu. Með ytra umhverfi er átt við að stjórnkerfið almennt getur tekið breytingum, s.s. ef almannavarnaástandi er lýst yfir, og ýmsir aðilar komið að ákvarðanatöku og verkefnum sem hafa áhrif og/eða snerta starfsemi sveitarfélagsins.



Í grófum dráttum má skipta stjórnkerfinu við áföll í tvennt eftir því hvort lýst hefur verið yfir almannavarnaástandi eða ekki. Héðan í frá verður fjallað um það á tvennan hátt:

- Áfall eða neyðarástand sem flokkast undir „daglegt ástand“.

- Áfall eða neyðarástand sem flokkast sem almannavarnaástand.


Nánar um þetta má sjá í kaflanum um háska- og óvissustig í kafla 3.

Rétt er að taka fram að innra umhverfi sveitarfélaganna ætti ekki að breytast hvort sem um er að ræða daglegt ástand eða almannavarnaástand, að öðru leyti en því að áfallið eða ástandið sem verið er að takast á við er stærra í sniðum. Ytra umhverfið breytist hinsvegar töluvert þar sem stjórnun við almannavarnaástand fer eftir almannavarnalögum.

Daglegt ástand, dagleg verkefni – grænt ástand

Atburði sinnt af fáum viðbragðsaðilum

Ýmis áföll geta átt sér stað sem ekki eru þess eðlis að lýsa þurfi yfir almannavarnaástandi. Í raun hefur almannavarnaástandi aldrei verið lýst yfir á höfuðborgarsvæðinu, enda afl viðbragðsaðila, sveitarfélaga og annarra það mikið.



Hver og einn aðili, meðal annars sveitarfélögin, eru að vinna að sínum málum og samræming og samhæfing á sér stað með ákveðnu upplýsingaflæði milli aðila. Þarna getur verið um að ræða veikindi, óveður, bruna, eiturefnaslys, óbein áhrif af jarðhræringum, s.s. gasmengun o.fl.

Í flestum tilfellum hefur atburðurinn minniháttar áhrif á skipulag sveitarfélagsins og ekki endilega nauðsynlegt að kalla neyðarstjórn saman.

Flóknara ástand, flóknari verkefni – gult ástand

Alvarlegur atburður og sinnt af mörgum viðbragðsaðilum

Flóknara ástand sem merkt hefur verið með gulum lit kallar á meiri samhæfingu og samstarf aðila. Hver og einn er áfram ábyrgur fyrir sinni þjónustu og sínum verkefnum, en meiri þörf er á samskiptum og upplýsingaflæði er tíðara. Kölluð er saman aðgerðastjórn til að tryggja samhæfingu og samræmingu aðila. Samræmt fjarskiptakerfi er lykilatíði til að ná árangri.

Samhæfingarstöðin (SST)
Ríkislögreglustjóri

Aðgerðarstjórn höfuðborgarsvæðisins
Lögreglustjóri og slökkviliðsstjóri stýrir fer eftir eðli atburðar




Við flóknara ástand getur ríkislögreglustjóri tekið ákvörðun um að lýsa yfir almannavarnaástandi, ef áfallið og/eða neyðarástandið er á mörkum þess að daglegur viðbúnaður ráði við verkefnið.

Almannavarnaástand, stórslys og hamfarir – rautt ástand

Mjög umfangsmikill atburður á mörgum svæðum


Sé lýst yfir almannavarnaástandi skv. lögum um almannavarnir breytist ytra umhverfið og stjórnskiplagið nokkuð. Aðgerðastjórn er kölluð saman og lögreglustjóri skipar aðgerðastjóra. Neyðarstjórn sveitarfélagsins er tengiliður við aðgerðastjórn og tekur neyðarstjórn sveitarfélagsins við fyrirætlum frá aðgerðastjórn varðandi þær ráðstafanir sem þarf að framkvæma til að fyrirbyggja eða bregðast við vá. Unnið er í samræmi við grunnreglurnar fjórar og því bera sveitarfélögin ábyrgð á sinni þjónustu, en geta bæði þurft að fá aðstoð til að sinna þeim og að veita öðrum aðstoð.



Verksvið og ábyrgð neyðarstjórna

Borgar-/bæjarstjóri fer með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins ásamt borgar-/bæjarráði. Fagsvið, skrifstofur og fyrirtæki sveitarfélagsins bera hvert í sínu lagi ábyrgð á þeirri þjónustu sem þau veita. Eins og fram hefur komið ætti að leitast við að stjórnskipulag sveitarfélagsins haldist óbreytt við áföll og/eða neyðarástand og að hver stjórnandi beri ábyrgð á sínum starfsvettvangi/sinni starfsstöð skv. hefðbundnu skipulagi.

Skipurit Hafnarfjarðarbæjar



Sé neyðarstjórn virkjuð skv. áætlun þessari getur hún gripið inn í hefðbundið skipulag og gert sértækar ráðstafanir. Neyðarstjórnin verður að vera vel upplýst um stöðu mála á hverri stundu og þess bær að taka mikilvægar ákvarðanir með skjótum hætti þegar á þarf að halda. Í alvarlegu ástandi getur neyðarstjórn þurft að taka ákvörðun um skerðingu þjónustu og niðurlagningu starfsemi sem ekki er skilgreind sem forgangsverkefni. Nauðsynlegt getur verið að bregðast við starfsmannaskorti sem getur lamað mikilvæga starfsemi og dreifingu nauðsynja og er það á ábyrgð fagsviða og skrifstofa. Í alvarlegum tilfellum getur þurft að grípa til neyðarréttar til að færa til starfsfólk til að sinna lífsnauðsynlegri þjónustu. Svið bæjarins hafa forgangsraðað starfsemi sinni út frá því hvaða verkefni eru brýnust til að halda samfélaginu gangandi.

Borgar-/bæjarráð veitir nauðsynlegar heimildir vegna sérstakra fjárútláta og er á neyðarstigi í viðbragðsstöðu þar sem nauðsynlegt getur verið að kalla til aukafundar. Neyðarstjórnin getur tekið ákvarðanir og stofnað til útgjalda umfram það sem segir í fjárhagsáætlun í neyðartilfellum, enda sé um slík tilfelli að ræða að afgreiðsla þeirra þoli enga bið. Aðrar nefndir, s.s. heilbrigðisnefnd, gætu einnig þurft að vera í viðbragðsstöðu á neyðarstigi.

Stjórnkerfi Hafnarfjarðarbæjar

Frumskylda Hafnarfjarðarbæjar er að stuðla að öryggi og heilbrigði borgaranna. Nauðsynlegt er því að forgangsraða verkefnum og verja grunnstoðir í þjónustu bæjarins til viðhalda nauðsynlegustu starfsemi. Bæjarstjóri ásamt bæjarráði fer með framkvæmdastjórn bæjarins. Fagsvið, skrifstofur og fyrirtæki bæjarins bera hvert í sínu lagi ábyrgð á þeirri þjónustu sem þau veita. Á neyðarstigi viðbragðsáætlunar er neyðarstjórn bæjarins virkjuð. Í neyðarstjórn sitja bæjarstjóri sem jafnframt er formaður stjórnar, samskiptastjóri, hafnarstjóri, mannauðsstjóri og sviðsstjórar málaflokka samkvæmt gildandi skipuriti. Að öðru leyti helst stjórnskipulag bæjarins óbreytt og ber hver stjórnandi ábyrgð á sinum starfsvettvangi/sinni starfsstöð skv. hefðbundnu skipulagi. Neyðarstjórn getur þó á hverjum tíma gripið inn í hefðbundið skipulag og gert sértækar ráðstafanir. Bæjarstjóri og bæjarráð verða að vera vel upplýst um stöðu mála á hverri stundu og þess bær að taka mikilvægar ákvarðanir með skjótum hætti þegar á þarf að halda. Svið bæjarins hafa forgangsraðað starfsemi sinni út frá því hvaða verkefni eru brýnust til að halda samfélaginu gangandi. Í alvarlegum tilfellum getur neyðarstjórn þurft að taka ákvörðun um skerðingu þjónustu og niðurlagningu starfsemi sem ekki er skilgreind sem forgangsverkefni.

Rétt tímasett og vel undirbúin upplýsingamiðlun til íbúa bæjarins er mikilvæg til þess að miðla réttum upplýsingum og vinna gegn hræðslu í samfélaginu. Brýnt er að ríkisstjórn og sveitarstjórnir tali einni röddu og að upplýsingamiðlun til fjölmiðla sé samræmd. Tryggja þarf að upplýsingar séu settar fram á réttum tíma, séu skýrar og settar fram með samræmdum hætti þannig að almenningur fái réttar leiðbeiningar um viðbrögð.

6. Starfssvæði innan sveitarfélagsins

Viðbragðsáætlun þessi gildir fyrir starfssvæði Hafnarfjarðarbæjar. Íbúar voru 28.189 í árslok 2016. Starfssvæði bæjarins er lögsagnarumdæmi eins og það er skilgreint í lögum. Hafnarfjarðarbær starfar eftir og veitir íbúum þjónustu skv. lögum nr. 138/2011 og öðrum lögum, samþykktum og reglugerðum sem lúta að starfsemi hans.

1. Neyðarstjórn og áfallateymi

Ef neyð ber að skal í öllum tilfellum hringja í **112** til að kalla eftir aðstoð.

Aðalmenn neyðarstjórnar

Aðalmenn				
Nafn	Kennitala	Tölvupóstur	Farsími	Starfsheiti hjá sveitarfélaginu
1 Árdís Ármannsdóttir	210577-5809	ardis@hafnarfjordur.is	664-5521	Samskiptastjóri
2 Rósa Guðbjartsdóttir	291165-3899	rosa@hafnarfjordur.is	664-5558	Bæjarstjóri
3 Sigríður Kristinsdóttir	171062-2099	sigridurk@hafnarfjordur.is	664-5534	Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og bæjarlögmaður
4 Fanney D. Halldórsdóttir	010174-4659	fanney@hafnarfjordur.is	664-5811	Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs
5 Rannveig Einarsdóttir	270561-7569	rannveig@hafnarfjordur.is	664-5711	Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs
6 Rósa Steingrimsdóttir	130363-4909	rosas@hafnarfjordur.is	664-5514	Sviðsstjóri fjármálasviðs
7 Sigurður Haraldsson	031160-4219	siggh@hafnarfjordur.is	664-5631	Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
8 Sigurjón Ólafsson	301268-4249	sigurjono@hafnarfjordur.is	664-5505	Sviðsstjóri þjónustu- og brúunarsviðs
9 Lúðvík Geirsson	210459-3839	ludvik@hafnarfjordur.is	825-2302	Hafnarstjóri

Varamenn neyðarstjórnar


Varamenn				
Nafn	Kennitala	Tölvupóstur	Farsími	Starfsheiti hjá sveitarfélaginu
1 Guðríður Guðmundsdóttir	110753-4389	gurru@hafnarfjordur.is	869-4323	Lögfræðingur á fjölskyldu- og barnamálasviði
2 Haraldur Eggertsson	300957-3159	halli@hafnarfjordur.is	664-5563	Verkefnastjóri á stjórnsýslusviði
3 Helga Stefánsdóttir	260867-5639	helgas@hafnarfjordur.is	664-5651	Forstöðumaður á umhverfis- og skipulagssviði
4 Kristján B. Skaftason	140265-4039	kristjanbs@hafnarfjordur.is	825-2317	Staðgengill hafnarstjóra
5 Guðrún Þorsteinsdóttir	260772-5629	gudrunth@hafnarfjordur.is	825-2317	Mannauðsstjóri

Áfallateymi

Áfallateymi				
Nafn	Kennitala	Tölvupóstur	Farsími	Starfsheiti hjá sveitarfélaginu
1 Hildur Arnar Kristjánsdóttir		hildurarnar@hafnarfjordur.is	664-5834	Verkefnastjóri á fjölskyldu- og barnamálasviði
2 Árdís Ármannsdóttir	210577-5809	ardis@hafnarfjordur.is	664-5521	Samskiptastjóri
3 Haukur Haraldsson		haukurh@hafnarfjordur.is	693-7100	Sálfræðingur á fjölskyldu- og barnamálasviði
4 Eiríkur Þorvarðsson		eirikurh@hafnarfjordur.is	664-5815	Sálfræðingur á mennta- og lýðheilsusviði
5 Sigríður Kristín Helgadóttir		sigga@frikirkja.is	897-0211	Prestur í Frikirkju Hafnarfjarðar
6 Thelma Björk Árnadóttir		thelma.bjork.arnadottir@heilsugaeslan.is	663-0797	Hjúkrunarfræðingur á Heilsugæslunni Firði
7 Arnór Bjarki Blomsterberg		arnor@astjarnarkirkja.is	692-8623	Prestur í Ástjarnarkirkjusókn


2. Aðstaða neyðarstjórnar

Neyðarstjórn Hafnarfjarðarbæjar hefur aðsetur í Ráðhúsi Hafnarfjarðarbæjar að Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði. Þar er fundarsalur á 2. hæð – bæjarráðssalur – sem hefur allt til alls.



3. Hverfaskipting

Hverfaskipting markast m.a. af sveitarfélagsmörkum og meginstofnbrautum í gegnum Hafnarfjarðarbæ. Þessi skipting hefur m.a. verið notuð þegar ýmis rekstrarverkefni hafa verið boðin út á vegum Hafnarfjarðarbæjar.



4. Stofnanir og starfsstöðvar

Helstu stofnanir og starfsstöðvar sveitarfélagsins eru 72 talsins og eru hér meðtaldir grunnskólar, leikskólar og íþróttahús. Þar til viðbótar eru um 20.000m² í leiguíbúðum. Meðfylgjandi yfirlitsskort af Hafnarfirði sýnir staðsetningu starfsstöðva merktar með rauðu.



5. Tengiliðalistar

Sjá fylgiskjal.

Aðrar áhugaverðar upplýsingar – upptalning

- Regnvatnslagnir eru 914.341m (91km)
- Skólplagnir eru 122.011 (122km)
- Dælustöðvar eru 7 (Fráveita og Vatnsveita)
- Miðlunartankar er 2 (Fráveita og Vatnsveita)
- Hreinsistöð er 1
- Dreifilagnir eru 137.000m
- Stofnlagnir eru 47.000m
- Heimaæðar eru 5.030
- Mæla- og lokabrunnar eru 12
- Hafnargarðar (Norðurgarður/Suðurgarður/Hvaleyrargarður/Grjótgarður) eru 282.760m³
- Götur eru 127.337m
- Stéttar og göngustígar eru 166.212m
- Bílastæði eru 34.692m²
- Hringtorg eru 37
- Undirgöng eru 13
- Brýr eru 2
- Ljósastaurar eru 4.537
- Hindranir eru 219
- Skilti eru 3.845
- Leikvellir eru 65
- Byggðar lóðir eru 4.505
- Framtíðarbyggingarsvæði er 210ha
- Upplandið/útivist er 3.880ha
- Krýsuvík er 4.600ha
- Innan staðarmarka Hafnarfjarðar eru fjögur brunnsvæði: Kaldárbotnar, Mygludalir, Straumssel og Krýsuvík. Núverandi vatnsból er í Kaldárbotnum. Fjórar dælustöðvar sjá þeim bæjarhlutum sem hæst liggja fyrir vatni

Tengiliðalistar: Rafmagn, kalt vatn, heitt vatn, fráveita, rafmagn, sorp og heilbrigðiseftirlit

	Íbúafjöldi Des 16	Heilsugæsla	Kalt vatn	Heitt vatn	Fráveita	Rafmagn**	Sorp	Endurv.stöðvar	Heilbrigðiseftirlit
Reykjavík	122.460	9 stöðvar *	Veitur Tengiliður	Veitur Tengiliður	Veitur Tengiliður	Veitur	Sorphirða Reykjavíkur	Ánanaustum, Sævarhöfða, Jafnasel Kjalamesi	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Hafnarfjörður	29.800	Sólvangur, Fjörður	Vatnsveita Hafnarfjarðar	Veitur	Fráveita Hafnarfjarðar	HS Orka / Veitur	Gámaþjónustan	Breiðhelli 8-10	Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar – og Kópavogssvæðis
Kópavogur	34.140	Hamraborg, Hvammí	Vatnsveita Kópavogs Vatnsendakirkjum í Heilmörk	Veitur	Áhaldahús	Veitur	Íslenska gámafélagið	Dalvegur 1	Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar – og Kópavogssvæðis
Garðabær	14.717	Garðatorgi	Áhaldahús	Veitur HS Veitur	Áhaldahús	HS Orka , Veitur n	Íslenska gámafélagið		Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar – og Kópavogssvæðis
Seltjarnarnes	4.415	Suðurströnd	Áhaldahús / Veitur	Hitaveita Seltjarnarnes	Áhaldahús	Veitur	Íslenska gámafélagið	Ánanaustum, Rvk.	Heilbrigðiseftirlit Kjósasvæðis
Mosfellsbær	9.481	Þverholti	Áhaldahús	Hitaveita Mosfellsbæjar Veitur	Áhaldahús	Veitur	Íslenska gámafélagið	Blíðubakki	Heilbrigðiseftirlit Kjósasvæðis
Álfanes		Sjá Hafnarfj.	Veitur	Veitur	Þjónustumiðstöð	HS Orka			Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar – og Kópavogssvæðis
Kjósarhreppur		Sjá Mosfellsbæ	Einka	Einka	Einka	Rarik – Orkusalan?	Gámaþjónustan	Gámaþjónustan	

Tengiliðir

Sveitarfélag	Kalt vatn	Heitt vatn	Fráveita	Rafmagn	Heilbrigðiseftirlit
Hafnarfjörður	Guðmundur Eliasson S: 664-5641 Neyðarnúmer S: 664-5646	Helga Stefánsdóttir S: 664-5651 Neyðarnúmer OR S: 617-7765	Guðmundur Eliasson S: 664-5641 Neyðarnúmer S: 664-5646	Helga Stefánsdóttir S: 664-5651 Neyðarnúmer HS veitna. S: 860-5279	Páll Stefánsson S. 896 0981 Guðmundur H. Einarsson S. 896 0980
Seltjarnarnes	Gisli Hermannsson S: 8229113	Gisli Hermannsson S: 8229113	Gisli Hermannsson S: 8229113	Gisli Hermannsson S: 8229113	Þorsteinn Narfason S. 897 9274 Árni Davíðsson S. 862 4274
Garðabær	Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, S: 8208581	Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, S: 8208581	Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, S: 8208581	Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, S: 8208581	Páll Stefánsson S. 896 0981 Guðmundur H. Einarsson S. 896 0980
Mosfellsbær	Steinþór Gunnarsson S: 6936707	Steinþór Gunnarsson S: 6936707	Steinþór Gunnarsson S: 6936707	Steinþór Gunnarsson S: 6936707	Þorsteinn Narfason S. 897 9274 Árni Davíðsson S. 862 4274
Kópavogur	Karl Eðvaldsson S: 825-5959	Karl Eðvaldsson S: 825-5959	Karl Eðvaldsson S: 825-5959	Karl Eðvaldsson S: 825-5959	Páll Stefánsson S. 896 0981 Guðmundur H. Einarsson 896 0980
Reykjavík	Veitur, sjá hér fyrir neðan	Veitur, sjá hér fyrir neðan	Veitur, sjá hér fyrir neðan	Veitur, sjá hér fyrir neðan	Tengiliðir: Árný Sigurðardóttir S. 6939651 Rósa Magnúsdóttir

					S. 6939650 Óskar Ísfeld Sigurðsson S. 6939660
OR	Reynir Guðjónsson öryggisstjóri S: 617-7765	Reynir Guðjónsson öryggisstjóri S: 617-7765	Reynir Guðjónsson öryggisstjóri S: 617-7765	Reynir Guðjónsson öryggisstjóri S: 617-7765	
Veitur	Hafliði Jón Sigurðsson Forstöðumaður Rekstrar S: 617-6470	Hafliði Jón Sigurðsson Forstöðumaður Rekstrar S: 617-6470	Hafliði Jón Sigurðsson Forstöðumaður Rekstrar S: 617-6470	Hafliði Jón Sigurðsson Forstöðumaður Rekstrar S: 617-6470	
HS Orka HS Veitur				520-9300 1. Trausti H. Ólafsson svæðisstjóri rafmagns Hafnarfirði, trausti@hsvei- tur.is, sími 860 5214. 2. Gunnar Ó. Hjartarson verkstjóri rafmagns Hafnarfirði, gunnarh@hs- veitur.is, sími 840 5514	

Bæjarstjóri, sviðsstjórar og samskiptastjóri

Nafn	Kennitala	Tölvupóstur	Farsími	Starfsheiti hjá sveitarfélaginu
1 Árdís Ármannsdóttir	210577-5809	ardis@hafnarfjordur.is	664-5521	Samskiptastjóri
2 Rósa Guðbjartsdóttir	291165-3899	rosa@hafnarfjordur.is	664-5558	Bæjarstjóri
3 Sigríður Kristinsdóttir	171062-2099	sigridurk@hafnarfjordur.is	664-5534	Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og bæjarlögmaður
4 Fanney D. Halldórsdóttir	010174-4659	fanney@hafnarfjordur.is	664-5811	Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs
5 Rannveig Einarsdóttir	270561-7569	rannveig@hafnarfjordur.is	664-5711	Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs
6 Rósa Steingrímsdóttir	130363-4909	rosas@hafnarfjordur.is	664-5514	Sviðsstjóri fjármálasviðs
7 Sigurður Haraldsson	031160-4219	siggih@hafnarfjordur.is	664-5631	Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
8 Sigurjón Ólafsson	301268-4249	sigurjono@hafnarfjordur.is	664-5505	Sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs
9 Lúðvík Geirsson	210459-3839	ludvik@hafnarfjordur.is	825-2302	Hafnarstjóri

Staðgenglar bæjarstjóra og sviðsstjóra

- Staðgengill bæjarstjóra er Sigríður Kristinsdóttir bæjarlögmaður og sviðsstjóri stjórnsýslu: 664-5534 / sigridurk@hafnarfjordur.is
- Staðgengill sviðsstjóra fjölskyldu- og barnamálasviðs er Guðríður Guðmundsdóttir: 869-4323 / gurry@hafnarfjordur.is
- Staðgengill sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs er Helga Stefánsdóttir: 664-5651 / helgas@hafnarfjordur.is
- Staðgengill sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs er Eiríkur K. Þorvarðsson: 664-5815 / [eiririkurth@hafnarfjordur.is](mailto:eirikurth@hafnarfjordur.is)
- Staðgengill samskiptastjóra er Andri Ómarsson: 664-5779 / andriom@hafnarfjordur.is

Bæjarstjórn - tengiliðir

- Rósa Guðbjartsdóttir. Sími: 664-5558. Netfang: rosa@hafnarfjordur.is
- Adda María Jóhannsdóttir. Sími: 694-3134. Netfang: addamaria@hafnarfjordur.is
- Kristinn Andersen. Sími: 771-8866. Netfang: kristinna@hafnarfjordur.is
- Ólafur Ingi Tómasson. Sími 664 5554 Netfang olafuringi@hafnarfjordur.is
- Friðþjófur Helgi Karlsson. Sími 863 6810. Netfang fridthjofurk@hafnarfjordur.is
- Jón Ingi Hákonarson. Sími xxx-xxxx. Netfang jonh@hafnarfjordur.is
- Helga Ingólfssdóttir. Sími 664 5538. Netfang helgai@hafnarfjordur.is
- Ágúst Bjarni Garðarsson. Sími xxx-xxxx. Netfang agustg@hafnarfjordur.is
- Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir. Sími 899 2873. Netfang gudlaugk@hafnarfjordur.is
- Sigurður Þ. Ragnarsson. Sími 894 6810. Netfang sigurdurr@hafnarfjordur.is
- Kristín María Thoroddsen. Sími 821 1320. Netfang kristint@hafnarfjordur.is



Varabæjarfulltrúar

- Guðbjörg Oddný Jónasdóttir Sjálfstæðisflokkurinn
- Sigrún Sverrisdóttir Samfylkingin
- Skarphéðinn Orri Björnsson Sjálfstæðisflokkurinn
- Lovísa Björg Traustadóttir Sjálfstæðisflokkurinn
- Stefán Már Gunnlaugsson Samfylkingin
- Vaka Ágústsdóttir Viðreisn
- Magnús Ægir Magnússon Sjálfstæðisflokkurinn
- Valdimar Víðisson Framsókn og óháðir
- Birgir Örn Guðjónsson Bæjarlistinn Hafnarfirði
- Bjarney Grendal Jóhannsdóttir Miðflokkur
- Bergur Þorri Benjamínsson Sjálfstæðisflokkurinn

Forseti bæjarstjórnar:

- Kristinn Andersen forseti bæjarstjórnar
- Sigurður Þ. Ragnarsson 1. varaforseti bæjarstjórnar
- Ágúst Bjarni Garðarsson 2. varaforseti bæjarstjórnar

Skrifarar:

- Friðþjófur Helgi Karlsson
- Kristín María Thoroddsen

Varaskrifarar:

- Jón Ingi Hákonarson
- Ágúst Bjarni Garðarsson

Heildarlisti yfir alla stjórnendur hjá Hafnarfjarðarbæ

Fjármálasvið	Berta Gunnarsdóttir	Berta@hafnarfjordur.is	Deildarstj./launadeildar	Bæjarskrifstofa
Fjármálasvið	Rósa Steingrimsdóttir	rosas@hafnarfjordur.is	Fjármálastjóri	Bæjarskrifstofa
Fjármálasvið	Eygló Hauksdóttir	eyglo@hafnarfjordur.is	Deildarstjóri	Fjárreiðudeild
Fjármálasvið	Andri Berg Haraldsson	andrih@hafnarfjordur.is	Deildarstjóri	Reikningshald Bæjarskrifstofa
Fjármálasvið	Guðmundur Sverrisson	gudmundursv@hafnarfjordur.is	Deildarstjóri	Hagdeild
Fjármálasvið	Guðmundur Ragnar Ólafsson	raggi@hafnarfjordur.is	Innkaupastjóri	Hagdeild
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Herdís Hjörleifsdóttir	herdishj@hafnarfjordur.is	Forstöðumaður - afleysing	Lækurinn
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Hrund Brynjólfssdóttir	hrundb@hafnarfjordur.is	Forstöðumaður - afleysing	Erluás
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Katrín Rósa Friðriksdóttir	katrinrosa@hafnarfjordur.is	Forstöðumaður	Berjahlíð
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Ellen Ragnheiður Jónsdóttir	ellen@hafnarfjordur.is	Forstöðumaður	Blikaás
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Ásdís Elin Auðunsdóttir	asdisa@hafnarfjordur.is	Forstöðumaður	Einiberg
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Arna Björg Arnardóttir	arnabjorg@hafnarfjordur.is	Forstöðumaður	Erluás
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Guðrún Frimannsdóttir	gudrunf@hafnarfjordur.is	Deildarstjóri	Fjölskylduþjónusta
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Hrönn Harðardóttir	hronnha@hafnarfjordur.is	Forstöðumaður	Hnotuberg
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Unnur Jónsdóttir	unnurj@hafnarfjordur.is	Forstöðumaður - afleysing	Hnotuberg
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Guðbjörg Magnúsdóttir	gudbjorg@hafnarfjordur.is	Forstöðum. Hússins	Húsið
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Halla Harpa Stefánsdóttir	hallaharpa@hafnarfjordur.is	Forstöðumaður	Hæfingarstöðin Bæjarhrauni
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Hrönn Hilmarsdóttir	hronnhilmars@hafnarfjordur.is	Verkefnastjóri	Málefni fatlaðra
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Ólína Birgisdóttir	olina@hafnarfjordur.is	Deildarstjóri	Skrifstofa félagsþjónustu
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Soffía Ólafsdóttir	soffiao@hafnarfjordur.is	Deildarstjóri	Skrifstofa félagsþjónustu
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Sjöfn Guðmundsdóttir	sjofng@hafnarfjordur.is	Fulltrúi félagsþjónsutu	Skrifstofa félagsþjónustu
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Guðríður Guðmundsdóttir	gurry@hafnarfjordur.is	Lögfræðingur	Skrifstofa félagsþjónustu
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Rannveig Einarsdóttir	rannveig@hafnarfjordur.is	Sviðsstjóri	Skrifstofa félagsþjónustu
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Þórunn Kolbeins Matthíasdóttir	thorunnm@hafnarfjordur.is	Forstöðumaður	Smárahvammur
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Matthildur Sigurðardóttir	matthildurs@hafnarfjordur.is	Forstöðumaður	Steinahlíð
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Rakel Róbertsdóttir	rakelr@hafnarfjordur.is	Forstöðumaður	Straumhvörf
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Birna Guðmundsdóttir	birnagu@hafnarfjordur.is	Forstöðumaður	Svöluás
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Guðrún Halldórsdóttir	gudrunha@hafnarfjordur.is	Forstöðumaður	Svöluhraun
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Stella Kristjánsdóttir	stellak@hafnarfjordur.is	Forstöðumaður	Þjónustuibúðir Drekaöllum
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Haukur Haraldsson	haukurh@hafnarfjordur.is	Sálfræðingur	Skrifstofa félagsþjónustu
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Brynja Rut Vilhjálmsdóttir	brynjarut@hafnarfjordur.is	Forstöðumaður	Lækurinn
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Þóris Rúriksdóttir	thordisru@hafnarfjordur.is	Verkefnastjóri	Verkefnastjóri Geitunga - Húsið
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Ágúst Arnar Þráinsson	agustth@hafnarfjordur.is	Verkefnastjóri	Kletturinn
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Sandra Björk Halldórsdóttir	sandrabjork@hafnarfjordur.is	Verkefnastjóri	Vínaskjól
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Hulda Björk Finnsdóttir	hulda@hafnarfjordur.is	Verkefnastjóri	BRÚIN
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Ægir Örn Sigurgeirsson	aegirorn@hafnarfjordur.is	Deildarstjóri	Barnavernd
Fjölskyldu- og barnamálasvið	Helena Unnarsdóttir	helenau@hafnarfjordur.is	Deildarstjóri	Barnavernd


Mennta- og lýðheilsusvið	Oddfríður Jónsdóttir	oddaj@hafnarfjordur.is	Leikskólastjóri	Arnarberg
Mennta- og lýðheilsusvið	Linda Björk Halldórsdóttir	lindab@hafnarfjordur.is	Aðst.leikskólastjóri	Álfaberg
Mennta- og lýðheilsusvið	Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir	liljakolbrun@hafnarfjordur.is	Leikskólastjóri	Álfaberg
Mennta- og lýðheilsusvið	Jónína Rósa Ragnarsdóttir	joninarosa@hafnarfjordur.is	Aðst.leikskólastjóri	Álfasteinn
Mennta- og lýðheilsusvið	Inga Lindal Finnbogadóttir	ingalindal@hafnarfjordur.is	Leikskólastjóri	Álfsteinn
Mennta- og lýðheilsusvið	Unnur Elfa Guðmundsdóttir	unnur@aslandsskoli.is	Aðst.skólastjóri	Áslandsskóli
Mennta- og lýðheilsusvið	Jónína Rósa Ragnarsdóttir	joninarosa@hafnarfjordur.is	Leikskólastjóri	Áslandsskóli
Mennta- og lýðheilsusvið	Leifur Sigfinnur Garðarsson	leifur@aslandsskoli.is	Skólastjóri	Áslandsskóli
Mennta- og lýðheilsusvið	Aðalsteinn Hrafnkelsson	adalsteinnh@hafnarfjordur.is	Forstöðumaður	Ásvallaug
Mennta- og lýðheilsusvið	Telma Ýr Friðriksdóttir	telmayr@hafnarfjordur.is	Leikskólastjóri	Bjarkavellir
Mennta- og lýðheilsusvið	Elisabet Karlsdóttir	elisabetk@hafnarfjordur.is	Aðst.leikskólastjóri	Bjarkavellir
